

56

9. gr.

17. maí

Eftir aðalfund í marsmánuði ár hvert, sendir stjórn styrktarsjóðsins, eða borgarstjórnin í Reykjavík (sbr. 8. gr.), skýrslu um fjárhag og starfsemi sjóðsins síðastliðið ár, til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, sem hefir eftirlit með því að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt framanskráðri skipulagsskrá.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af sameiginlegri nefnd Iðnaðarmannafjelagsins og styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík, og samþykkt á fundi Iðnaðarmannafjelagsins 6. apríl 1921.

Skal leita konunglegrar staðfestingar á skipulagsskránni, og komi hún í stað skipulagsskrár þeirrar, er samþykkt var á fundi Iðnaðarmannafjelagsins 7. apríl 1895 og staðfest af konungi 18. september 1896.

Í stjórn Iðnaðarmannafjelagsins 6. apríl 1921.

Jón Halldórsson
form.

Magnús Gunnarsson
fjehirðir.

Guðm. H. Þorláksson
ritari.

57

21. maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla

útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Frumvarp

til skipulagsskrár fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Reykdæla, og er stofnaður af Kvenfjelagi Reykdæla með kr. 535.00.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Reykdælahrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Stjórn Kvenfjelagsins í Reykjadal hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald. Hún annast um, að hann sje á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Hún gerir og árlega fulla grein fyrir reikningum sjóðsins, bæði gagnvart meðlimum Kvenfjelagsins og sveitarmönnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Reykdælahreppi.

57

21. maí

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast óskertur þangað til hann er orðinn kr. 1000,00 (eitt þúsund krónur). Eftir það skal leggja að minsta kosti $\frac{1}{4}$ vaxtanna við höfuðstólinn, auk þess sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum t. d. gjöfum o. fl.

6. gr.

Þeim vöxtum sjóðsins, sem ekki eru lagðir við höfuðstólinn, má árlega verja sem sjúkrastyrk handa fátækum sjúklingum einum eða fleiri, sem heimili eiga í sveitinni. Skal það vera aðalreglan að styrka þá sjúklinga sjerstaklega er flytja verður á sjúkrahús, eða þá er taka verða hjúkrunarkonu um lengri tíma.

7. gr.

Það ár, sem sjóðurinn tekur til starfa, skal kjósa þrjá menn í úthlutunarnefnd. Nefnd þessi tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, og úthlutar styrknum. Kosning gildir til þriggja ára, þó þannig að einn maður gengur úr nefndinni á hverju vori. Í fyrsta og annað sinn eftir hlutvarpi. Eftir fyrstu kosningu fer þannig fram kosning á einum manni í nefndinni á hverju ári. Hreppsbúar Reykdælahrepps kjósa einn mann í úthlutunarnefnd, en Kvenfjlagið hina tvo innan fjelagsins.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sjeu komnar árlega til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar. Skulu þeim fylgja upplýsingar um veikindi umsækjanda og kostnað viðvíkjandi hjálp lækis hjúkrunarkonu og sjúkrahúslegu. Skal hjeraðslæknir votta að frásögnin sje rjett.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að hún nái ekki fullum tilgangi. Og því aðeins skulu breytingartillögur fá gildi að þær hafi eindregið fylgi stjórnarinnar og sjeu samþykta á sveitarfundi með $\frac{3}{4}$ atkvæða að minsta kosti, enda nái konunglegri staðfestingu. (Ákvæðum 2. og 4. gr. má aldrei breyta).

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.